

Þingsályktun

um fyrirkomulag á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Með vísan til bráðabirgðaákvæða í lögum nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, ályktar Alþingi eftirfarandi:

Athugunar- og greiningardeild í Kjarvalshúsi við Sæbraut á Seltjarnarnesi verði breytt í Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, fyrsta áfanga, og verði undir yfirstjórn félagsmála-ráðuneytisins. Forstöðumaður verði þegar ráðinn að stofnuninni.

Samþykkt á Alþingi 23. maí 1985.